



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

BRANTELID LEIKUR ELGAR

28. FEBRÚAR
2019

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Eldur: 9'
Sellókonsert: 30'
Sinfónía: 30'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FIM 28 FEB 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

BRANTELID LEIKUR ELGAR

Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri

Andreas Brantelid

einleikari

EFNISSKRÁ

Jórunn Viðar

Eldur (1950)

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll op. 85 (1919)

Adagio – Moderato

Lento – Allegro molto

Adagio

Allegro – Moderato – Allegro, ma non troppo

Hlé

Witold Lutosławski

Sinfónía nr. 3 (1973–83)

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



EVA OLLIKAINEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Eva Ollikainen hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim fyrir innblásna hljómsveitarstjórn. Hún hóf píanónám þriggja ára og þótti efnilegur píanisti, en þegar komið var í Sibeliusar-akademíuna skipti hún um fag og nam hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula og Leif Segerstam. Hún hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003 og var um skeið aðstoðarstjórnandi hjá Kurt Masur og Christoph von Dohnányi. Hún sótti einnig tíma í hljómsveitarstjórn hjá Pierre Boulez.

Ollikainen hefur meðal annars stjórnað Útvarpshljóm-sveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Stokkhólmi og Turku, Tapiola-sinfóníettunni og Sinfóníu-hljómsveitunum í Helsingborg, Lahti og Þrándheimi. Þá hefur hún stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg og Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín. Fyrir skömmu stjórnaði hún í fyrsta sinn Fílharmóníusveitinni í Helsinkí, í Níundu sinfóníu Beethovens, og nýrri uppfærslu af *Turandot* eftir Puccini í Dönsku óperunni. Þá stjórnar hún Beethoven-hring með Jönköping Sinfonietta og ballettunum *Hnotubrjótnum* og *Svanavatninu* við Semperoper í Dresden.

Ollikainen kom fyrst til Íslands haustið 2005 og stjórnaði framhaldsskólatónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara. Hún stjórnaði hljómsveitinni þrisvar sinnum á áskriftartónleikum á árunum 2007–10, meðal annars í sinfóníu nr. 4 eftir Brahms og *Dafnis* og *Klói* eftir Ravel, en stjórnar nú í Hörpu í fyrsta sinn.



ANDREAS BRANTELID

EINLEIKARI

Andreas Brantelid fæddist í Kaupmannahöfn árið 1987 og er einn eftirsóttasti einleikari Norðurlanda. Hann hóf tónlistarnám hjá föður sínum Ingemar, sem er kunnur sellóleikari og fyrrum nemandi Erlings Blöndal Bengtssonar. Brantelid debúteraði sem konsertsólisti 14 ára gamall og lék þá sellókonsert Elgars ásamt Konunglegu dönsku sínfónúhljómsveitinni.

Andreas Brantelid hefur komið fram með mörgum helstu hljómsveitum heims, m.a. helstu hljómsveitum Norðurlanda en einnig Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, Mahlerkammersveitinni og Birmingham-sínfóníuhljómsveitinni. Meðal þeirra stjórnenda sem hann hefur starfað með má nefna Esa-Pekka Salonen, Andris Nelsons, Sakari Oramo og Robin Ticciati. Hann hefur einnig leikið kammertónlist með þekktum tónlistarmönnum á borð við Daniel Barenboim, Joshua Bell, Vadim Repin og Gidon Kremer, og hefur haldið einleikstónleika í Carnegie Hall, Wigmore Hall, Concertgebouw í Amsterdam og Palau de la Música í Barcelona.

Brantelid hreppti fyrstu verðlaun í Eurovision-keppni ungra einleikara árið 2006, hlaut Borletti-Buitoni verðlaunin árið 2008 og Carl Nielsen-verðlaunin 2015. Hann hefur hljóðritað geisladiska fyrir EMI og BIS; hljóðritun hans af öllum sellóverkum Gabriels Fauré kom út hjá BIS árið 2017 og fékk frábæra dóma. Brantelid leikur á „Boni-Hegar“ sellóid sem Antonio Stradivari smíðaði árið 1707, og sem hann hefur að láni frá norska safnanum Christen Sveaas. Hann hefur einu sinni áður leikið á Íslandi, í nóvember 2016 og flutti þá sellókonsert Dvořáks.



JÓRUNN VIÐAR

ELDUR

Jórunn Viðar (1918–2017) stundaði ung tónlistarnám hjá móður sinni og Páli Ísólfsyni og hélt áfram námi hjá Árna Kristjánssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík á árunum 1932–36. Hún nam við Tónlistarháskólann í Berlín 1937–39 og Juilliard-skólann í New York 1943–45, auk þess sem hún sótti píanótíma í Vínarborg 1959–60. Jórunn hélt fjölda einleikstónleika hér á landi, lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í konsertum eftir Mozart, Beethoven, Chopin og Schumann, og kenndi um árabíl við Söngskólann í Reykjavík. Tónlist hennar er litrík og oft með þjóðlegum blæ. Meðal helstu verka hennar eru píanókonsertinn *Slátta*, ballettarnir *Eldur* og *Ólafur Liljurós*, kórverkið *Ólafs ríma Grænlandings* og fjöldi sönglaga. Þá samdi hún tónlist við barnaleikritið *Grámann í Garðshorni* og við kvikmynd Óskars Gíslasonar, *Síðasti bærinn í dalnum*, sem var frumsýnd í febrúar 1950.

Eldur var saminn fyrir Listamannaþing sem fór fram í nývígðu Þjóðleikhúsi vorið 1950. Eitt kvöldið, 2. maí, var þar dansaður ballett og eins og ónefndur gagnrýnandi Tímans sagði í frásögn sinni fengu listdansarar „nú í fyrsta sinn svið, sem gefur þeim einhverja möguleika, og má því vona bráðra framfara á því sviði“.


Jórunn segir um verk sitt: „Þegar Þjóðleikhúsið hóf starfsemi sína opnuðust ýmsir möguleikar sem áður voru litlir sem engir, til dæmis tækifæri til danssýninga á stóru sviði með fullkomnum tækjabúnaði og ljósadýrð. Þá um vorið var haldið listamannaþing og fluttur *Eldur*, ballett í einum þætti. Dansinn var saminn af Sigríði Ármann og tónlistin af mér. Tónlistin þarfnast engra skýringa, hún er samin með dansinn í huga. Hugsji maður um eld koma fram ótalmargar myndir: blossandi bál, leiftur, blys, funi, glóð, aska.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék þegar Eldur var frumsýndur á Listamannaþingi í Reykjavík 1950 við ballett Sigríðar Ármann.

Þá stjórnaði Róbert Abraham Ottósson verkinu. Eldur hljómaði fjórum sinnum á tónleikum SÍ í Háskólabíói og voru stjórnendur Karsten Andersen (1976), Osmo Vänskä (1993), Petter Sundqvist (1999) og Petri Sakari (2008).

Verkið hefur áður hljómað í Eldborg í flutningi félaga úr SÍ undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur á tónleikum KÍTÓN (Félags kvenna í tónlist) í mars 2014, á áskriftartónleikum undir stjórn Cornelíusar Meister haustið 2015 og á tónleikum Klassikin okkar haustið 2018.



EDWARD ELGAR

SELLÓKONSERT

Edward Elgar (1857–1934) var helsta tónskáld síðrómantíska tímans á Bretlandi og tónlist hans hefur fyrir löngu fest rætur í enskri þjóðarsál. Að undanskildu fiðlunámi í æsku var Elgar sjálfmenntaður í músík en faðir hans rak nótnabúð og tónlist var hluti af lífi pilsins allt frá fæðingu. Elgar leit alla tíð á sig sem utangarðsmann; hann var kaþólskur, af efnalitlu fólki, og jafnvel eftir að hann var orðinn þjóðhetja í Bretlandi átti hann það til að þjást af nístandi minnimáttarkennd. Hin víðfrægu *Enigma-tilbrigði* fyrir hljómsveit þeyttu honum upp á stjörnuhimin tónlistarinnar árið 1899 og ári síðar innsiglaði hann orðspor sitt með óratoríunni *Draumur Gerontíusar*. Í kjölfarið fylgdu tvær sinfóníur, fiðlu- og sellókonsert, fleiri óratoríur og fjöldi annarra verka.

Fyrri heimsstyrjöldin fékk mjög á Elgar og um skeið var sem starfsþrek hans væri að engu orðið. Hann samdi varla neitt á meðan styrjöldin geisaði og allt eru það minniháttar tónsmíðar. Þegar friður komst á tók hann aftur til við stærri form í þremur kammverkum: fiðlusónötu, strengjakvartett og píanókvintett. Um svipað leyti paraði hann niður upphafsstef sellókonsertsins. Þegar hann hófst handa við tónsmíðina af alvöru var eins og fargi væri af honum létt. Fjölskylda hans undraðist breytinguna, hann vaknaði glaður í bragði við fyrsta hanagal og sat löngum stundum við skrifborð sitt. Í júlí 1919 var konsertinn nærri fullgerður, „stórt verk og, að ég held, bæði gott og fullt af lífi“. Sellókonsertinn varð síðasta stóra tónsmíðin sem Elgar lauk við. Ári síðar lést Alice, eiginkona hans, og eftir það missti hann alfarið löngunina til að semja tónlist.

Sellókonsertinn er magnþrungin tónsmíð, full ástríðu og trega. Verkið hefst á tignarlegu eintali einleikarans, sem minnir helst á dramatískt „resítatív“ án orða og snýr aftur á lykilstöðum í verkinu. Annar þáttur er scherzo með síndurteknum sellótónum við lipran undirleik hljómsveitarinnar. Hægi kaflinn er að vissu leyti tilfinningalegur kjarni verksins. Elgar notast hér við fjarskylda tóntegund sem gerir að verkum að kaflinn er eins og staðsettur til hliðar við hina þættina, draumsýn sem leysist upp að lokum. Lokapátturinn er þróttmikill en Elgar bregður út af venju með því að kynna hægt og tregafullt stef til sögunnar þegar líður á kaflann, eins og hann eigi enn ýmislegt eftir ósagt. Hann rifjar líka upp stef hæga kaflans og upphaf fyrsta þáttar, en tekur loks á sig rögg og kastar sér í tilþrifamikilið niðurlagið.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sellókonsert Elgars hefur hljómað alloft á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Meðal einleikara hafa verið þeir Erling Blöndal Bengtsson (1973), Ralph Kirshbaum (1988), Julian Lloyd Webber (1998), Guðný Jónasdóttir og Bryndís Halla Gylfadóttir (báðar 2006) og Steiney Sigurðardóttir (2015), en síðast lék Hjörtur Páll Eggertsson verkið á tónleikunum Ungir einleikarar í janúar síðastliðnum. Ungsveit Sí flutti konsertinn árið 2013 og lék Sæunn Þorsteinsdóttir þá einleikshlutverkið.



WITOLD LUTOSŁAWSKI

SINFÓNÍA NR. 3

Witold Lutosławski (1913–94) var eitt fremsta tónskáld Póllands á síðari hluta 20. aldar. Hann hóf feril sinn í Varsjá á árum heimsstyrjaldarinnar síðari en vakti fyrst verulega athygli á heimsvísu fyrir Konsert fyrir hljómsveit (1954). Tímamót urðu á ferli hans árið 1960, þegar hann heyrði píanókonsert eftir John Cage í pólska útvarpinu. Lutosławski sagði síðar að þessar fáu mínútur hefðu breytt lífi hans, skyndilega hefði honum orðið ljóst hvert halda skyldi í eigin tónsköpun. Í kjölfarið tamdi hann sér það sem kalla má „hóflegan tilviljanastíl.“ Slembiaðferð (*indeterminacy*) er það kallað þegar tilteknir eiginleikar tónlistarinnar eru háðir tilviljun fremur en að allt sé nákvæmlega lagt fyrir af höfundarins hálfu. Lutosławski beitir sjaldan slembiaðferð frá upphafi til enda og jafnvel í frjálsari köflum tiltekur hann bæði tóna og hryn. Sveigjanleikinn felst í samhæfingu milli hljóðfæra eða hljóðfærahópa. Í tónlist hans skiptast á kaflar þar sem allt er nákvæmlega skrifað út (*a battuta* eða „í takt“) og aðrir þar sem flytjendur hafa meira frelsi – innan ákveðinna marka þó (*ad libitum*).

Lutosławski samdi þriðju sífóníu sína á árunum 1973–83 fyrir Sífóníuhljómsveitina í Chicago sem frumflutti verkið í september 1983 undir stjórn Georgs Solti. Verkið vakti mikla hrifningu og aflaði tónskáldinu hinna virtu Grawemeyer-verðlauna árið 1985, auk þess sem fyrsta hljóðritun verksins hlaut Gramophone-verðlaunin 1986. Í verkinu notar Lutosławski hinn hóflega tilviljanastíl í nokkrum mæli; hljóðfæraleikarar eiga að leika tiltekna tóna eða hendingar á þeim hraða sem þeir sjálfir kjósa.

Lutosławski var tregur til að tengja eigin verk við atburði í einkalífi eða heimsálum. Þó hefur verið bent á að hin kraftmikla og afgerandi sífónía nr. 3 megi að einhverju leyti teljast „mótmælatónlist“. Lutosławski hafði verið áberandi í pólsku menningarlífi um áratuga skeið, en í desember 1981 voru herlög sett í landinu. Eftir það hélt Lutosławski sér til hlés á opinberum vettvangi en studdi verkalýðsfélagið Samstöðu sem starfaði í óþökk kommúnistastjórnarinnar. Sjálfur sagði Lutosławski að „ef sífónían gefur eitthvað slíkt í skyn, og heldur hlustandanum í spennu, þá er það ekki tilviljun. Ég viðurkenni að ég tel það heiður ef mér hefur tekist að tjá eitthvað sem ekki aðeins tengist minni eigin persónulegu reynslu heldur einnig því sem annað fólk hefur upplifað.“ Lutosławski neitaði að koma fram opinberlega í Póllandi á árunum 1981–89 og

neitaði sömuleiðis að stíga fæti inn í menningarmálaráðuneytið. Árið 1983 sendi hann hljóðritun af frumflutningi þriðju símfóníunnar til Gdańsk, í þeim tilgangi að hún yrði spiluð í kirkju einni á meðan verkfall stóð yfir í borginni.

Símfónían er einþáttungur sem skiptist í tvo stóra hluta, auk þess sem stuttur inngangur og niðurlag ramma hana inn. Inngangurinn er snarpur: fjórir síendurteknir tónar, sem snúa stundum aftur og þá jafnvel endurteknir enn oftar. Fyrri hluti símfóníunnar skiptist í þrjár „episóður“ sem hver er í hægara tempói en sú á undan. Seinni hluti símfóníunnar er dramatískari og hér laðar Lutosławski af og til fram völduga og glæsilega hápunkta. Í lok verksins heyrast aftur fjórir þrumusterkir tónar sem vísa í upphafstaktana og loka því hringnum á fullnægjandi hátt.

Árni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Símfóníuhljómsveit Íslands hefur einu sinni áður flutt Símfóníu nr. 3 eftir Lutosławski, á tónleikum í Háskólabíói í mars 1988 og var sá flutningur í tilefni af 70 ára afmæli tónskáldsins. Pólski hljómsveitarstjórinn Zygmunt Rychert stjórnaði, en á sömu tónleikum lék Sigrún Eðvaldsdóttir fiðlukonsert Sibeliusar. Símfóníuhljómsveitin hefur einnig leikið Konsert fyrir hljómsveit eftir Lutosławski alls sex sinnum (síðast árið 2017), auk þess sem hún hefur flutt símfóníu nr. 1 og 3, hljómsveitarverkið Livres, sellókonsert og fiðlukonsertinn Chain II.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

28. FEBRÚAR 2019

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Justyna Bidler
Bryndís Pálsdóttir
Laura Liu
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Laufey Jensdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Pascal La Rosa
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Hjörtur Páll Eggertsson
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Sandra Simón Monje
Blanca Sans
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Felix Schwamm
Eugénie Ricard

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Kasper Knudsen
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nicolas Inermuhle

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PIÁNÓ/CELESTA

Helga Bryndís Magnúsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Einar Valur Scheving
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



KLASSÍKIN OKKAR – TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

Mjólkar þú kýrnar við undirleik Mozarts? Eða setur Verdi á fóninn þegar þú vaskar upp? Manstu eftir fyrsta tónverkinu sem þú táraðist yfir?

HEFUR TÓNLIST BREYTT LÍFI ÞÍNU?

Tónlist vekur hjá okkur djúpar tilfinningar, tengist dýrmætum minningum og bindur okkur við fólkid sem okkur þykir vænt um. Nú leitar Sinfóníuhljómveit Íslands að tónlistarsögnum ykkar: Sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á ykkur, hvernig þau minna ykkur á merkilega atburði eða minnisstæðar manneskjur – nú eða bara lita hversdagslífið.

Segðu okkur frá þínu eftirlætis tónverki, íslensku eða erlendu, og hvers vegna það er í upphaldi – hvernig það tengist lífi þínu. Hver veit nema verkið þitt – og sagan þín – verði öðrum innblástur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg, sem sýndir verða í beinni útsendingu í Sjónvarpinu föstudagskvöldið 1. september.

Tillögur að verkum ásamt frásögnum óskast á netfangið klassikin@ruv.is eða inn á vefinn www.ruv.is/klassikin fyrir 1. apríl.

Á DÖFINNI

FO 01 MAR 18:00

TJÁNING TREGANS FÖSTUDAGSRÖÐ Í NORÐURLJÓSUM

Joan Tower er með virtustu tónskáldum Bandaríkjanna og margverðlaunuð fyrir verk sín. *In Memory* samdi hún árið 2001 í minningu góðs vinar, en tileinkaði það einnig minningu þeirra sem létust í árásinni á Tvíburaturrnana sama ár. Það er Strokkvartettinn Siggí sem var stofnaður árið 2012 og er skipaður hljóðfæraleikurum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands sem flytur þetta tilfinningaþrungna og áhrifamikla verk. Seinna verkið á efniðskránni er sellókonsert Elgars í flutningi Andreas Brantelid og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Brantelid hefur leikið konsertinn með ótal hljómsveitum víða um heim, allt frá því hann var 14 ára gamall. Hljómsveitarstjóri er Eva Ollikainen.





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

21. MAR 19:30

VON OTTER O TORTELIER

Yan Pascal Tortelier hljómveitarstjóri

Anne Sofie von Otter einsöngvari

Einar Jóhannesson einleikari

Atli Heimir Sveinsson / W.A. Mozart
Alla turca etc.

Joseph Canteloube
Söngvar frá Auvergne (Chants
d'Auvergne)

Georges Bizet
Sinfónía í C-dúr

Tónleikakynning kl. 18:00

Anne Sofie von Otter er ein dádasta söngstjarna Norðurlanda. Hún hefur á viðburðaríkum ferli sungið með öllum helstu hljómveitarstjórum heims og hefur unnið til bæði Gramophone- og Grammy-verðlauna. Á tónleikunum flytur hún heillandi útsetningar Josephs Canteloube á frönskum þjóðlögum.

Tónleikarnir hefjast með sprellfjörugri útsetningu Atla Heimis á hinu vinsæla Rondo alla Turca eftir Mozart. Einleikari er Einar Jóhannesson einn fremsti klarínettuleikari landsins og fyrrum leiðari í Sinfóníuhljómsveitinni. Þá hljómar eina sinfónía Bizets, meistaraverk sem hann samdi aðeins 17 ára gamall og er hún vitnisburður um ótvíræða snilligáfu hans.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfonia

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

